

Hugarórar eða raunverulegur hryllingur?

Um óræðar verur í smásögum Amparo Dávila

Í smásögum mexíkóska rithöfundarins Amparo Dávila bregður oft fyrir óræðum verum sem erfitt er að átta sig á, hvort um er að ræða dýr, mannverur, skrímsli, samgengla eða eitthvað annað. Þessar verur koma sögupersónum úr jafnvægi, valda angist og hryllingi, eru aldrei skilgreindar og ekki sagt hvers eðlis þær eru. Og stundum er látið liggja milli hluta hvort þær séu raunverulegar eða hugarórar. Þær sogast inn í hugarheim sögupersóna og fara að stýra lífi þeirra, sem leiðir til þjáninga, ýmist líkamlegra eða andlegra, brjálsemi og jafnvel dauða.

Þegar smásagnahöfundurinn Mario Benedetti frá Uruguay skrifaði um sögur Dávila, tæpum áratug eftir að þær komu fyrst út árið 1959, sagði hann að hvorki væri hægt að setja þær undir hatt raunsæis né fantasíu, því þær flöktu svo eðlilega á milli þessara sviða, en jafnframt af mikilli áræðni.¹ Þarna hitti Benedetti naglann á höfuðið. Sögur Dávila hefjast yfirleitt í hversdagslegum veruleika og fjalla um ósköp venjulegt fólk. Eftir því sem atburðarásinni vindur fram gerist eitthvað einkennilegt, það opnast fyrir veruleika sem sumir skynja en aðrir ekki, er erfitt að skilja og ekki hægt að útskýra með rökum eða skynsemi. Ógnvekjandi nærvera einhvers sem ekki er nákvæmlega vitað hvað er gerir vart við sig, óttablandinn efi grípur persónurnar og andrúmsloftið verður smám saman kæfandi. Sjálf sagði Dávila margoft að fyrir henni hafi raunveruleikinn tvær hliðar: önnur er áþreifanleg, þessi ytri veruleiki sem við erum í snertingu við dagsdaglega, og hin er dulin og myrkari þar sem enga lógík er að finna. Að henni sé eðlilegt að flakka á milli rökhugsunar og hins furðulega og fáránlega; á milli þessara sviða eru ekki afdráttarlaus skil. Hún hefur einnig sagt í þessu samhengi að hún hafi

¹ Mario Benedetti, „Horror al alcance de todos“, *La Mañana*, Suplemento „Al pie de las letras“, Montevideo, 30. júlí 1965.



áhuga á því sem maður hefur reynt á eigin skinni en er ekki hugarburður eða uppspuni: að hún skrifi um raunverulega upplifun.² Sögur hennar eru þó engan veginn einhvers konar reynslusögur. Í raunheimi okkar er eitthvað annað og meira en það sem við sjáum; þetta „eitthvað annað“ mætti kalla *fantasíu*. Með öðrum orðum: sjálfur veruleikinn er furðulegur og fantastískur. Þar sem á þessum síðum er verið að ræða höfund frá Rómönsku Ameríku er vert að taka fram að hugmyndir um furður og fantasíu af þessum toga eru annars eðlis en í verkum töfraraunsæis. Þar gerast undarlegir hlutir, gulum blómum rignir og kona flýgur til himins svo þekkt dæmi séu tekin, en þessir atburðir eru eins og eðlilegur hluti af raunveruleikanum sem sögupersónum þykir sjálfsagt og skapa ekki efa, ugg og ótta persónanna.³

Fræðimenn kenna sögur Dávila oft við fantasíu en þær hafa líka verið settar í samhengi við hrollvekjur. Og nýlega hafa sögur hennar verið skilgreindar sem gotneskar.⁴ Þessa skilgreiningu má sjá sem löngun til að setja smásögur Dávila í alþjóðlegt samhengi og kemur í kjölfar greininga á smásagnaskrifum yngri höfundu svo sem Samöntu Schwebelin og Mariönu Enriquez sem báðar eru frá Argentínu.⁵ Schwebelin og Enriquez hafa, ásamt öðrum yngri höfundum, leitað í smiðju Amparo Dávila og annarra kvenna sem skrifuðu smásögur í þessum anda á svipuðum tíma og Dávila, það er að segja á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Má þar nefna þær Silvinu Ocampo frá Argentínu og frá Mexíkó Guadalupe Dueñas, Elenú Garro og Inés Arredondo.⁶

² Roberto Espinosa Galicia, „Amparo Dávila: una maestra del cuento“, *La jornada Semanal*, 31. desember 2005. Miguel Ángel Quemain, „Amparo Dávila“, *Reverso de la palabra*, México: El Nacional, 1996, bls. 317–328.

³ Þessi dæmi koma úr einu þekktasta verki töfraraunsæis, *Hundrað ára einsemd* eftir Gabriel García Márquez.

⁴ Þessi skilgreining setur sögur hennar í takmarkað samhengi. Sjá til dæmis Sandra Casanova-Vizcaíno og Inés Ortiz, ritsjórar, *Latin American Gothic in Literature and Culture*, New York-London: Routledge, 2018. Ritsjórar leggja til hugtakið „globalgothic“ og undir það flokkast meðal annars töfraraunsæi. Aðeins verk rithöfundanna Bioy Casares, Borges og Silvinu Ocampo telja ritsjórar til „fantasíu“.

⁵ Bæði Schwebelin og Enriquez hafa komið á Bókmenntahátíð í Reykjavík. Schwebelin árið 2019 og Enriquez 2023. Verk þeirra á íslensku eru: *Bjargferi* eftir Schwebelin í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar (Sæmundur, 2019) og smásagan „Á steppunni“ í þýðingu Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur sem skrifaði einnig kynningu á höfundi: „Um Samönthu Schwebelin“ (*Tímarit Máls og menningar* 2/2019, bls. 41–47 og 48–50). Eftir Enriquez er smásagnasafnið *Allt sem við misstum í eldnum* í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar. Eftirmáli: Kristín Guðrún Jónsdóttir (Angústúra, 2023).

⁶ Fantasíu/furðusögur þessara rithöfunda eru að mestu óþekktar hér á landi. Þó hafa verið þýddar nokkrar smásögur þeirra: „Flaeliskjöllinn“ og „Rekkjuvoð jarðar“ eftir Silvinu Ocampo í þýðingu Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur (*Milli mála* 2018, bls. 167–180) og

Amparo Dávila fæddist árið 1928 og lést 2020. Hún gaf út ljóðabækur og smásögur, og fyrsta smásagnasafn sitt, *Tiempo destrozado* (Ónýtir tímar), sendi hún sem fyrr segir frá sér árið 1959.⁷ Reyndar höfðu nokkrar af sögunum birst í tímaritum einhverjum árum fyrr. Þessar fyrstu sögur Dávila birtast einmitt á þeim árum þegar mikill uppgangur var í smásagnaskrifum í Rómönsku Ameríku, og ákveðin fantasíu- eða furðusagnabylgja sótti í sig veðrið og náði til margra landa álfunnar. Safnritið *Antología de la literatura fantástica* (Úrvalsrit fantasíubókmennta) sem þríeykið Silvina Ocampo, Adolfo Bioy Casares og Jorge Luis Borges gáfu út árið 1940 hafði gífurleg áhrif, mótaði ákveðnar hugmyndir um fantasíusögur og kanóníseraði í raun formið í þessum heimshluta. Án efa ýtti bókinn undir þessa furðusagnabylgju sem hefur verið órofa hluti af skrifum álfunnar, einkum smásagnaritunar. Í bókinni eru verk frá öllum tímabilum og heimshornum og í inngangi gerir Bioy Casares tilraun til að skilgreina fantasíusögur. Skrif í þessum anda er hægt að rekja mun lengra aftur í tímann, en á þessum árum vaknaði mikill áhugi á sögum af þessu tagi og markviss umfjöllun um þær snerist oft en ekki um hugtakið fantasía.⁸

Í bók sinni *Unraveling the Real. The Fantastic in Spanish-American Ficciones* (2010) bendir Cynthia Duncan á að kenningar og rannsóknir um bókmenntaformið *fantasía* hafi snúist að miklu leyti um evrópska og bandaríska texta og lítill gaumur í þeirri umræðu og kenningasmíð gefinn að verkum eftir höfunda frá Rómönsku Ameríku.⁹ Hér skýtur skökku við því það er fjarstæða að álíta að fantasíubókmenntir Rómönsku Ameríku hafi orðið til í einhvers konar tómarúmi eða einangrun, eða þá að þær hafi sprottið út frá „ævintýrlegum heimi“ Rómönsku-Ameríku, að höfundar álfunnar hafi ekki verið hluti af alþjóðlegum furðusagnaskrifum vegna þess að þekktir fræðimenn á alþjóðavísu hafa ekki tekið þá með í myndina. Heimsþekktir höfundar á borð við Borges, Julio Cortázar, Adolfo Bioy Casares, Silvina Ocampo, Eleni Garro eða Carlos Fuentes eru sjaldnast hluti

„Hvað er klukkan“ eftir Eleni Garro einnig í þýðingu Kristínar (*Heimar mælast. Smásögur frá Mexíkó*, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, 2016, bls. 91–110).

⁷ Sjá nánari umfjöllun um líf og verk Amparo Dávila: Kristín Guðrún Jónsdóttir, „Amparo Dávila og tvær hliðar raunveruleikans“, *Skírnir* haust/2022, bls. 227–232.

⁸ Sjá frekar: Rafael Olea Franco, *Entre lo insólito y lo extraño: nuevas perspectivas analíticas de la literatura fantástica hispanoamericana*, Alejandra Giovanna Amatto Cuña, ritstjóri, México D.F.: Universidad Nacional Autónoma de México, 2019, bls. 23–81, einkum bls. 27–29.

⁹ Þetta á til dæmis við helstu kennismiði um formið. Hvergi er minnst á höfunda frá Rómönsku Ameríku í *Introduction à la littérature fantastique* (1970) eftir Tzvetan Todorov, aftur á móti er minnst stuttlega á Jorge Luis Borges og Julio Cortázar í verki Rosemary Jackson, *Fantasy. The Literature of Subversion* (1981).

af þessari umræðu.¹⁰ Þeir eru ekki aðeins með fremstu smásagnahöfundum sem skrifa í þessum anda heldur einnig mikilvirkir bókmenntarýnar. Ef til vill má rekja þetta til tungumálsins eða þeirrar tilhneigingar í Evrópu og Bandaríkjunum að vilja setja bókmenntir Rómönsku Ameríku undir hatt töfraraunsæis.¹¹

Hugtakið *fantasía* er mjög víðtækt og nær yfir afar ólík bókmenntaskrif. Hér verður ekki kafað í mismunandi skilgreiningar kenningasmiða svo sem Tzvetan Todorovs og Rosemary Jackson, sem er efni í sér grein, en í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera greinarmun á fantasíu og hinu fantastíska (e. *fantasy* – *the fantastic*; sp. *fantasía* – lo *fantástico*). Jaime Alazraki hefur lagt til hugtakið neofantasía (nýfantasía)¹² fyrir „hið fantastíska“ til aðgreiningar frá fantasíu sem ævintýralegum hliðarheimi eins og til dæmis verk Tolkiens, vísindaskáldskap eða „gotneskum“ verkum sem beita stöðluðum tæknibrögðum.¹³ Í sögum Dávila hrærumst við í hinu fantastíska þar sem hið *annarlega* gerir vart við sig í raunsonnum heimi og á meira skylt við verk Franz Kafka, Cortázars eða Edgars Allans Poe. Annarleikinn í sögunum þremur eftir Dávila sem hér eru til umfjöllunar brýst fram með verunum óræðu. Þetta eru smásögurnar „Gesturinn“ (El huésped), „Móse og Gaspar“ (Moisés y Gaspar) og „Matargerðarlist“ (Alta cocina). Sögurnar komu allar út í fyrsta smásagnasafni Dávila, *Tiempo destrozado* (Ónýtir tímar).¹⁴

„Gesturinn“ er ein þekktasta saga höfundar og hefur birst í mörgum úrvalsritum. Hún er sögð í 1. persónu frá sjónarhóli eiginkonu sem býr á afskekktum og eyðilegum stað ásamt eiginmanni, tveimur smábörnum, ráðskonu og litlum syni hennar. Fábreytt lífið gengur sinn vanagang þar til að einn daginn kemur vera inn á heimilið sem alltaf er nefnd „hann“, nánar tiltekið er það eiginmaðurinn sem kemur með „hann“ inn á heimilið. Þessi vera skapar umrót í daglegu lífi og veldur íbúum hússins mikilli angst og óró, að eiginmanninum frátöldum. Það eru engar lýsingar á verunni, hún hefur ekkert andlit, ekki nafn, en sögumaður

¹⁰ Cynthia Duncan, *Unraveling the Real. The Fantastic in Spanish-American Ficciones*, Philadelphia: Temple University Press, 2010, bls. 5–7.

¹¹ Þess má geta að Borges, Cortázar og fleiri hafa oft verið flokkaðir sem töfraraunsæishöfundar í úrvalsritum á ensku.

¹² Jaime Alazraki, „¿Qué es lo neofantástico?“, *Teorías de lo fantástico*, David Roas, ritstjóri, Madrid: Arco/Libros S.L., 2001, bls. 265–282. Þessi skilgreining nýttist einnig til að aðskilja fantasíu frá töfraraunsæi.

¹³ Sjá frekari umfjöllun um þetta efni í Kristín Guðrún Jónsdóttir, „Amparo Dávila og tvær hliðar raunveruleikans“, bls. 228.

¹⁴ „Gesturinn“ birtist fyrst í tímaritinu *Revista Mexicana de Literatura* 1956 og „Móse og Gaspar“ í sama riti árið 1957. Smásögurnar „Gesturinn“ og „Matargerðarlist“ má lesa á íslensku í hausthefti *Skírnis* 2022, bls. 233–239. Þýðing Kristín Guðrún Jónsdóttir.

segir: „Ég gat ekki varist skelfingarópi þegar ég sá hann í fyrsta skipti. Dapurlegan og drungalegan. Með stór, gulleit augu, næstum kringlótt, augu sem voru sífellt opin og virtust horfa í gegnum fólk og hluti“. ¹⁵ Það er einmitt þetta augnaráð sem kemur fyrir í mörgum sögum Dávila og er höfuðeinkenni þessara vera, það er starandi, nístandi, ógnandi. Eiginkonan þræbiður mann sinn að fara burt með þessa veru sem kemur henni í uppnám, hann segir aftur á móti: „Hann er algerlega meinlaus“. ¹⁶ Verunni er úthlutað herbergi sem er sjaldan notað því það er rakt og dimmt, en hentar henni vel. Hún sefur á daginn þar til fer að skyggja en ekki er ljóst hvenær hún fer á stjá. Þessi nýi „hann“ nærast ekki á öðru en kjöti sem þjónustustúlkan kastar inn í herbergið á bakka. Eiginkonan hefur lifað nokkuð friðsælu lífi á heimilinu þrátt fyrir óhamingjusamt hjónaband til þriggja ára og hefur ræktað blómin sín í húsagarðinum og saumað föt á börnin. Veran hefur þau áhrif að líðan og hegðun konunnar breytist og smám saman verður heimilið að hreinu víti: „Gæfusnað tilvera mín breyttist í helvíti“. ¹⁷ Heimilið sem gríðastaður konunnar verður að engu í þessum aðstæðum. Veran verður sífellt meira ógnandi, skuggi „hans“ er sínálægur, veitir konunni eftirför um súlnagöng hússins og ræðst að lokum á barn ráðskonunnar. Í hvert sinn sem „hann“ kom út úr herbergi sínu „upphófst hin skelfilegasta matröð sem nokkur getur upplifað“. ¹⁸ Titill sögunnar er írónískur, gesturinn er enginn gestur, að minnsta kosti ekki aufúsugestur, enda nýtur enginn á heimilinu nærveru hans nema eiginmaðurinn. Þetta er innrásarvera sem verður hluti af daglegu lífi heimilisins og allt fer að snúast um „hann“: hvort hann sé kominn á fætur, hvar hann sé staddur þessa eða hina stundina, hvernig hægt sé að forðast hann. Veran er eins og villidýr í launsátri tilbúið að ráðast á bráð sína hvenær sem er.

Lesandi veit ekki hvort um er að ræða dýr, skrímsli eða mannveru. Veran hefur ekki mál en þögn nærvera hennar ógnar ekki síður en augnaráðið. Konurnar tvær nefndu veruna aldrei með nafni til að koma í veg fyrir að „þessi dimma vera yrði raunveruleg“. ¹⁹ Reyndar eru aðeins tvær persónur í sögunni nafngreindar, það er ráðskonan og sonur hennar, eiginmaðurinn er nafnlaus. Eftir að veran kemur inn á heimilið virðist eiginmaðurinn oft vera fjarri og er ýjað að framhjáhaldi. Sagan endar á þann veg að konurnar tvær þola ekki lengur nærveru „hans“, mælirinn fyllist eftir að veran ræðst á barn ráðskonunnar. Þær taka til sinna ráða þegar eiginmaðurinn er fjarverandi í viðskiptaerindum, læsa

¹⁵ Amparo Dávila, „Gesturinn“, *Skírur* haust/2002, bls. 233–237, hér bls. 233.

¹⁶ Sama rit, bls. 233.

¹⁷ Sama rit, bls. 233.

¹⁸ Sama rit, bls. 234.

¹⁹ Sama rit, bls. 234.

veruna inni í herberginu dimma og negla spýtur fyrir. Síógnandi veran hefur fram að þessu verið þögl. Þögn hennar, skuggi og augnaráð hafa breitt sig yfir allt en þegar hún missir frelsið breytist hegðunin og hún öskrar og lætur öllum illum látum þar til hún, eftir nokkra daga, þagnar endanlega: „Næstu dagar voru hræðilegir. Hann lifði marga daga án lofts, ljóss og fæðu ... Í fyrstu barði hann á hurðina, kastaði sér á hana, hrópaði í skelfingu, klóraði ...“²⁰ Þegar eiginmaðurinn kemur aftur heim tilkynna konurnar að „hann“ hafi dáið sviplega með óútskýranlegum hætti. Eins og í mörgum sögum Dávila er hér opinn endir.²¹

Hér virðist Dávila leika sér með minnið um tvífarann og veran mögulega eiginmaðurinn sjálfur: skuggi eiginmannsins sem vegur að henni á dulinn hátt opinberast gegnum „hann“. Ógnandi tilburðir „hans“ tengjast upplifun konunnar á eiginmanninum og segir margt um samband þeirra sem einkennist af sambandsleysi. Konan hefur sagt að sér finnist hún ekki vera annað en hvert annað húsgagn fyrir honum, hjónin hafa ekkert lengur að tala um og hún er einmana. Eiginmaðurinn hlustar ekki á hana og þegar hún ítrekar ósk sína um að fjarlægja „hann“ af heimilinu vænir hann hana um ímyndunarveiki og segir: „Þú venst því að hafa hann, og ef það tekst ekki ...“²² Konan íhugar að flygja heimilið en kemst þó ekkert, hún er háð manninum fjárhagslega og býr langt frá umheiminum.

Margar aðalpersónur Dávila eru konur sem lifa tilbreytingalaus lífi, eru bókstaflega að kafa í hversdagsrútnu hjónabandsins eða algeru aðgerðarleysi, eða þá unnustur sem dæmdar eru til að bíða til eilífðarnóns eins og fangar innan veggja heimilisins. Furðu-fantasíusöguna eða „hrollvekjuna“ má því sjá sem vettvang til að koma á framfæri því sem ekki mátti segja um málefni kvenna á sínum tíma. Hér er vert að hafa í huga að sögurnar komu út í Mexíkó á sjötta áratug síðustu aldar, fáeinum árum eftir að konur fengu kosningarétt þar í landi; á þessum árum var ekki auðvelt að vera kvenmaður sem skrifar. Hvað þá sögur sem gagnrýndu stöðu kvenna hvort sem var innan eða utan heimilisins. Í „Gestinum“ er ýjað að einhvers konar ofbeldi, andlegu og/eða líkamlegu enda hefur sagan stundum verið túlkuð út frá ægivaldi karla í heimi feðraveldis þar sem konan er nafnlaus og skjól heimilisins svívirt.²³ Í ljósi þess er athyglisvert að konunni tekst að lokum að losa sig undan ofríki eiginmannsins/„hans“ innan heimilisins.

²⁰ Amparo Dávila, „Gesturinn“, bls. 237.

²¹ Vert er að minnast þess að Dávila endar oft ekki setningar heldur notar þrípunkt og leyfir hugarflugi lesandans að taka við.

²² Amparo Dávila, „Gesturinn“, bls. 233.

²³ Sjá til dæmis Mara L. García, „Huéspedes e invasores fantásticos en la cuentística de Amparo Dávila“, *Journal of Foreign Languages, Cultures and Civilizations* 536/2017, bls. 34–39.

Í sögunni „Móse og Gaspar“ fylgjumst við með Juan á leið í jarðarför kærs bróður síns, eina ættmennis hans. Sagan hefst á því að hann fer í íbúð bróðurins. Kuldi og þétt þoka umlykur allt, jafnvel stigaganginn upp að íbúðinni og vistarverurnar sjálfar. Þessi sviðsetning tíðkast vissulega í „gotneskum“ verkum og segir eitthvað um hugarástand aðalpersónu eins og kemur í ljós þegar líður á söguna. Bróðirinn hefur gengið frá öllum sínum málum og falið Juan að annast um Móse og Gaspar. Það er óljóst hvers konar verur það eru sem bera þessi mannanöfn. Það fyrsta sem lesandinn, og sjálfur Juan, verður var við hjá verunum þegar hann kemur í íbúðina er starandi augnarád þeirra:

... allt í einu fann ég augu að baki mér. Ég stökk upp úr stólnum og snerist í kringum sjálfan mig: þarna voru Móse og Gaspar. Ég var búinn að gleyma þeim, en þarna voru þeir og störfu á mig. Skein fjandskapur úr augum þeirra? Eða vantraust? Ég gat ekki sagt til um það. En augnarád þeirra var skelfilegt. Ég vissi ekki þá stundina hvað ég átti að segja við þá. Ég var tómur og fjarrænn, eins og að ég væri fyrir utan sjálfan mig og hefði tapað hæfileikanum til að hugsa. Þar að auki vissi ég ekki hversu mikið þeir skildu ... Þá rann upp fyrir mér að báðir grétu þeir þöglum gráti. Tárin runnu úr augum þeirra og niður á gólfð; þeir grétu hljóðlaust án svipbrigða. Um miðnætti lagaði ég kaffi og útbjó svolitinn mat handa þeim. Þeir snertu hann ekki, héldu bara áfram að gráta, viðstöðulaust.²⁴

Hvert er eðli þessara vera sem í fyrstu virðast meinlausar en breytast í ógnvalda þegar líður á söguna og hafa afgerandi áhrif á örlög Juans? Hugsanlega eru þetta gæludýr, til dæmis hundar því sagt er að þeir hafi iðulega legið við fætur húsbónda síns og beðið hans af óþreyju þegar hann fór út og tekið kátir á mótí honum þegar hann kom til baka. Það hvernig þeir einblína á Juan gæti aftur á mótí bent til þess að þetta séu kettir. Hvað sem öðru líður hafa þeir mennska eiginleika og borða „kalkún fylltan ólífum og kastaníuhnetum“,²⁵ líka ávexti og ost. Þetta gætu verið börn, sem ganga ekki heil til skógar. En lesanda fer aftur að gruna að verurnar séu dýr þegar Juan ferðast heim til sín með lest því þá „neyddust Mosé og Gaspar að vera í farangursrýminu, sem þeir voru mjög ósáttir við, en voru engan veginn viðurkenndir sem farþegar“.²⁶ Eftir að komið er heim

²⁴ Amparo Dávila, „Moisés y Gaspar“, *Cuentos reunidos*, México, D.F.: Fondo de Cultura Económica, 2000, bls. 79–87, hér bls. 81. Þýðing Kristín Guðrún Jónsdóttir.

²⁵ Sama rit, bls. 79.

²⁶ Sama rit, bls. 81.

til Juan verður enn óljósara hvers eðlis þeir eru. Ástkona Juans æpir upp yfir sig þegar hún sér þá í fyrsta skipti og flýr í ofboði niður stigann. Húsvörðurinn kvartar yfir hávaða á daginn þegar Juan er í vinnunni, Móse og Gaspar öskra hástöfum, færa til húsgögnin með miklum skarkala og kasta eldhúsahöldum til og frá. En þegar Juan kemur heim úr vinnunni er allt í röð og reglu. Juan kemur líka að þeim í áflogum, hlējandi eins og vitfirringar.

Þessar óskilgreindu verur breyta smám saman lífi aðalsögupersónunnar; Juan neyðist til að segja upp vinnunni og flytja með þeim stað úr stað af ótta við óvildina sem verurnar vekja. Hlutverkin snúast við og nú stýra þær lífi hans, verða eins og óvættir sem vefja honum um fingur sér og kvelja og ákvarða endanleg örlög hans. Líf hans breytist í martröð og hann verður að lokum nánast viljalaus eða sættir sig við hlutskipti sitt eins og segir í sögulok þegar hann hefur fundið þeim þremur endanlegan samastað: „Þarna munum við þrír búa, fjarri árásum og launsátri, samofnir þéttum ósýnilegum böndum, brennandi af vægðarlausu hatri og óskiljanlegum áformum.“²⁷

Sem fyrr er hér opinn endir og Dávila lætur lesanda eftir að túlka hvers konar verur eiga í hlut. Hvort þær séu raunverulegar eða órar sögupersóna sem brjótast fram vegna innri átaka – glímunnar við sjálfan sig. Laura López Morales telur að þessar verur séu ímyndun persónanna, þeirra eigin spegilmynd.²⁸ Þær virðast endurspegla liðan og átökin við innri drauga. José Luis Herrera sem hefur beint sjónum að ofsafullri hegðun dýra og brjálsemi í sögum Dávila tekur í sama streng og segir einkennilegt hátterni Mosé og Gaspars hvergi eiga sér stað nema í huga Juans.²⁹

Lesandi fær takmakaðar upplýsingar um bræðurna. Báðir virðast þeir einfarar og lesandi efast um andlegt jafnvægi þeirra; reyndar á Juan ástkonu sem hverfur þegar liður á söguna. Sagt er að bróðirinn hafi dáið snögglega og má álíta sem svo að hann hafi tekið eigið líf, að hann hafi ekki getað lengur tekist á við sína innri drauga sem persónugerast í Mosé og Gaspar. Og þessa drauga erfir Juan. Hver afdrif hans verða er ekki hægt að segja til um; það vottar fyrir löngun til að særa burt þessi innri „dýr“ en aðferðirnar eru takmarkaðar: ekki annað en öskur, vitfirringshlátur eða þögn sem opinberar umkomu- og ráðaleysi margra af persónum Dávila.

²⁷ Amparo Dávila, „Moisés y Gaspar“, bls. 86.

²⁸ Laura López Morales, „Para exorcizar a la bestia“, *Amparo Dávila. Bordar en el abismo*, Regina Cardoso Nelky og Laura Cázares, ritstjórar, México, D.F.: UAM/UNAM/UAEM/TM, 2009, bls.153–166, hér bls. 158.

²⁹ Jorge Luis Herrera, „El delirio de los animales. La locura en “Moises y Gaspar“ de Amparo Dávila“, *El Búho* 130/2011, bls. 51–55, hér bls. 52–53.

Í stuttu sögunni „Matargerðarlist“ segir sögumaður frá afdrifaríkum áhrifum sem eldamennska á einhverju óskilgreindu hafði á hann í æsku og ofsækir hann í sífellu upp frá því. Þessar óskilgreindu verur sem er ekki lýst frekar en í fyrri sögunum gefa frá sér skerandi sársaukavein við matreiðsluna. Og þar sem er verið að elda má gera ráð fyrir að verurnar séu ætar. Á milli línanna má lesa að þetta séu sniglar sem sumir á heimilinu leggja sér til munns sem hreinasta lostæti, aftur á móti finna aðrir fyrir kvölunum sem „dýrin“ verða fyrir og upplifa sem ofbeldisverk. Óp þeirra sitja eftir í andrúmsloftinu, elta sögupersónu á röndum og valda henni ómældum sársauka og hryllingi. Með ópunum fá þær mannlega eiginleika eins og í öðrum sögum Dávila og nafnlaus sögumaður lýsir þjáningunni sem virðist skína úr augum þeirra við eldamennskuna: „Ég sé líka augun í þeim, litlar svartar kúlur sem þrýstust út úr augntóftunum við suðuna“.³⁰ Nafnlaus sögumaður hefur flúið þetta óbærilega ástand og getur ekki losnað við þjáninguna. Ópin og sársaukinn elta hann á röndum og í hvert sinn sem rignir þyrmir yfir hann:

Þegar ég hlusta á regnið dynja á gluggarúðunni heyri ég enn og aftur veinin í þeim. Þessi vein sem festust við húð mína eins og blóðsugur. Þau urðu sífellt hærri eftir því sem hitnaði undir pottinum og vatnið fór að sjóða ... mörg hundruð lítil augu ... svört augu. Glansandi tárbot augu sem biðja um miskunn.³¹

Þótt orðið „sársauki“ sé aldrei nefnt umlykur hann allt og veinin „taka sér bólfestu innra með mér, í höfðinu, í eyrunum, að utan sem innan, þau smugu gegnum merg og bein og voru að gera út af við mig“.³² Hvort veinin koma frá sniglunum eða eiga upptök sín innra með sögupersónu liggur á milli hluta. Líkt og í fyrri sögum eru þessar annarlegu, óskilgreindu verur rótin að vanlíðaninni, erfiðum og stundum óyfirstíganlegum aðstæðum. Í „Matargerðarlist“ er nákvæm lýsing á því hvernig verurnar eru hreinsaðar og undirbúnar fyrir matreiðsluna áður en þær verða að veislumat (eins og gert er við snigla fyrir matargerð). Þessari flóknu „hreinsun“ má líkja við yfirbót eða friðþægingu, „innri hreinsun“ sem sögupersóna stendur frammi fyrir í átökunum við sjálfa sig. En einnig sem vangaveltum um eðli og tilfinningar dýra og hvað dýr og mannverur eiga sameiginlegt. Sömu-leiðis er áhugavert að skoða söguna í ljósi matarhefða mannfólks og hvað gerist

³⁰ Amparo Dávila, „Matargerðarlist“, *Skírnir* haust/2002, bls. 238–239, hér bls. 238.

³¹ Sama rit, bls. 239.

³² Sama rit, bls. 238–239.

þegar maturinn sem við leggjum okkur til munns opinberast sem dýr.³³ Titillinn „Matargerðarlist“ er á frummálinu „Alta cocina“ og vísar í franska matargerðarlist á „hástigi“ (fr. „haute cuisine“). Perúanski rithöfundurinn Liliana Colanzi fer inn á þetta svið í túlkun sinni á sögunni og fjallar um hrylling og viðbjóð á mat en einnig mörk þess sem þykir mannlegt eða villimannslegt út frá andstæðunum menning/villimennska.

Þegar hefur komið fram að augnaráðið er eitt helsta einkenni í verkum Dávila.³⁴ Verurnar tjá sig ekki með orðum heldur hljóðum svo sem öskrum, hlátri eða veini og með augunum – starandi augnaráði. Eða þögn. Höfundurinn sjálfur beitir einnig þögn. Með hinu ósagða og takmörkuðum lýsingum nær Dávila að skapa óvissu og óþægilegt andrúmsloft. Fræðikonan Rosalba Campa hefur skrifað um „þögnina í fantasíusögum“, eitt helsta tæknibragð þeirra eins og hún er skilgreind innan „neofantasíunnar“. Hún segir eðli og hlutverk þagnanna slíkt að það sé ekki mögulegt að fylla upp í þær. Sögupersónur og lesendur gera jafnvel ráð fyrir að ásýnd og innræti veranna sé svo hrikalegt að það sé bókstaflega ekki hægt að nefna þær á nafn, hvað þá lýsa þeim.³⁵

Til að átta sig á þessum óræðu verum sem verða til í „þögninni“ er ef til vill best að líta á áhrifin sem þær hafa á persónurnar í stað þess að rýna í brotakennar lýsingar á þeim. Aftur og aftur er persónum í sögum höfundar ógnað af óljósum verum. Gegnumlýsandi augnaráð þeirra veldur sögupersónum ómældum óþægindum, skelfingu og ótta, þær missa jafnvægi og lokast inn í eigin sjálfi. Eina undankomuleiðin út úr þessu ástandi sem persónurnar skilja ekki sjálfar er að koma sér undan og flýja en þá liggur á milli hluta hvert og hvernig. Í „Matargerðarlist“ á sögupersóna ekki annarra kosta vöð en að flýja. Það dugar þó ekki til. Stundum endar skelfingin með kraftmiklum aðgerðum eða glæp eins og í „Gestinum“. Juan beygir sig hins vegar undir aðstæður sem hann ræður ekki við. Einhverju sinni þegar höfundur var spurð um merkingu sögunnar „Móse og Gaspar“ nefndi hún orðið *sundrung*, og einnig *örlög*.³⁶ Hægt er að spinna með þessar upplýsingar og sjá verurnar sem hlutgervinga ófyrstíganlegra aðstæðna, forlagatrú, grimmd og yfirgang, leitina að tengingu eða þá glímuna við innri

³³ Liliana Colanzi, „Festín del horror: la comida siniestra en „Alta cocina“, de Amparo Dávila“, *Brumal. Revista de investigación sobre lo Fantástico* 1/2021, bls. 21–31.

³⁴ Óscar Mata Juárez, „La mirada deshabitada (la narrativa de Amparo Dávila)“, *Tema y variaciones de literatura: escritoras mexicanas del Siglo XX* 12/1998, bls. 13–24, hér bls. 15.

³⁵ Rosalba Campa, „Los silencios del texto en la literatura fantástica“, *El relato fantástico en España e Hispanoamérica*, Enriqueta Morillas Ventura, ritstjóri, Madrid: Siruela, 1991, bls. 49–74.

³⁶ Eduardo Cerdán, „Amparo Dávila Siete décadas entre la poesía y el cuento. Entrevista con Amparo Dávila.“, *La Jornada Semanal*, 15. janúar 2017, bls. 8–10.

skuggaverur. Sögur Dávila eru að mörgu leyti könnun á mannlegri hegðun: hvernig manneskjan tekst á við sjálfa sig og sína innri veröld í því umhverfi sem hún hefur skapað sér.³⁷ Í sögum hennar er skelfingu, innri angist og grímmum örlögum lýst af næmri mannþekkingu. Persónur hennar lenda tíðum í sjálfheldu sem þær hafa ratað í af einhverjum aðstæðum, hvort sem er fyrir utanaðkomandi öfl eða fantastíska sýn sem á sér stoð í veruleikanum.

Sögur Dávila eru tímalausar. Tími og rúm eru óljós og lýsingar á persónum og umhverfi eru takmarkaðar. Þær byggja á margræðni og því sem ekki er sagt og lesanda látið eftir að ráða í þögnina, eins og komið hefur fram. Í sögunum þremur sem hér hafa verið teknar fyrir lendir lesandi ósjálfrátt í gildru með persónunum sem glíma við verurnar óræðu, því það eru þær sjálfar sem segja frá atburðunum og vafamál hvort lesandi geti treyst sögumanni. Það er á huldu hvort eiginkonunni hafi tekist að losa sig bókstaflega undan „honum“ – eiginmanninum í „Gestinum“ eða hvort að einhvers konar uppgjör hafi átt sér stað í huga hennar. Einnig er óljóst hvort Móse og Gaspar eða þá sniglarnir endurspegli ólíkar hliðar sögumanna og átök þeirra og uppgjör við sjálfa sig eða jafnvel utanaðkomandi skoðanir og þrýsting. Hversu óraunverulegar óræðu verurnar kunna að vera má sjá þessar furður sem raunverulega upplifun á tvíþættum veruleikanum sem Dávila er svo tíðrætt um.

ÚTDRÁTTUR

Í sögum Amparo Dávila (Mexíkó 1928–2020) bregður oft fyrir verum sem erfitt er að átta sig á; hvort um sé að ræða fólk, dýr, drauga, samgengla eða eitthvað allt annað. Dávila gaf út fyrstu sögur sínar á sjötta áratug síðustu aldar þegar mikill uppgangur var í smásagnaskrifum í Mexíkó og öðrum löndum Rómönsku Ameríku. Verk Dávila eru oft sett í samhengi við furðusögur eða hrollvekjur. Sjálf segist hún skrifa um fyrirbæri sem eru sprottin af raunverulegri reynslu. Í greininni verða þessar einkennilegu verur teknar fyrir í þremur smásögum hennar og íhugað hvað sé mögulega á bak við þær.

*Lykilorð: Amparo Dávila, smásaga, fantasía, Mexíkó, *Tiempo destrozado**

³⁷ Sjá frekar Mario Luis Schneider, „Nota introductoria“, *Amparo Dávila: material de lectura*, México, D.F.: Universidad Autónoma de México, 2010, bls. 3. Hann telur sögur hennar ekki aðeins bókmenntaverk heldur líka djúpar siðferðilegar rannsóknir á mannlegri hegðun.

ABSTRACT

Fantasies or real horror?

On the unscrutable creatures in Amparo Dávila's short stories

Amparo Dávila's (Mexico 1928–2020) stories often feature creatures that are difficult to understand, whether they are people, animals, ghosts, doubles or something else. Dávila published her first stories in the 1950s, when there was a significant increase in short story writing in Mexico and other Latin American countries. Dávila's works are often categorized as fantastic or horror stories. She states that she writes about phenomena that stem from real experience. This article will examine these strange creatures in three of her short stories and consider what may be behind them.

Keywords: Amparo Dávila, short story, fantasy, Mexico, *Tiempo destrozado*

KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Prófessor í spænsku

krjons@hi.is